


Valfrelsi og mismunandi fjárfestingarstefnur sjóðfélaga Frjálsa

Lífeyrissjóðir hér á landi sem taka á móti skyldulífeyrissparnaði bjóða upp á ólíkar leiðir til þess að ráðstafa 15,5% skylduiðgjaldi. Munurinn liggur í hvernig iðgjaldinu er skipt, þ.e. hvort öllu skylduiðgjaldinu sé ráðstafað í samtryggingu, eða hluta þess sé ráðstafað í samtryggingu og hluta í erfanlega séreign. Hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum hefur frá upphafi verið lögð áhersla á að sjóðfélagar geti valið sér þá leið sem þeim hentar best. Kostir séreignar er að hún erfist að fullu og býður upp á valfrelsi og sveigjanleika varðandi fjárfestingarleiðir og útgreiðslur. Aftur á móti með greiðslu iðgjalda í samtryggingu ávinna sjóðfélagar sér mikilvæg tryggingaréttindi, s.s. ævilöng eftirlaun og örorkulífeyri en iðgjöldin erfast ekki.

Val um skyldusparnaðarleiðir - Frjálsa leiðin og Erfanlega leiðin


Hjá Frjálsa geta sjóðfélagar valið á milli tveggja skyldusparnaðarleiða sem fela í sér mismunandi skiptingu á 15,5% skylduiðgjaldinu í samtryggingu og séreign (sjá mynd). Í Frjálsa leiðinni er áhersla lögð á sveigjanleika í útgreiðslu en í Erfanlegu leiðinni er meiri áhersla lögð á að lífeyrissparnaðurinn erfist. Nánari upplýsingar um skyldusparnaðarleiðir sjóðsins er að finna hér.

Frjálsa leiðin



■ Samtrygging
 ■ Séreign

Erfanlega leiðin



■ Samtrygging
 ■ Bundin séreign
 ■ Frjáls séreign

Séreignardeild - Fjórar fjárfestingarleiðir og Ævilína

Sá hluti skylduiðgjaldsins sem rennur í séreign gerir sjóðfélögum kleift að velja sjálfir hvaða áhættustig þeir kjósa. Þá er í boði að velja sjálfvirka tilfærslu á iðgjöldum og uppsafnaðri séreign yfir tíma (Ævilína) og að auki er fullt valfrelsi til að færa sig á milli fjárfestingarleiða. Með því er haft að leiðarljósi að sjóðfélagar hafi val um að hámarka ávöxtun á sparnaðartíma miðað við þá áhættu sem þeir vilja taka. Ávöxtun fjárfestingarleiða síðustu ár er að finna hér.


Samtrygging - Ein fjárfestingarstefna

Í samtryggingu Frjálsa er aðeins ein fjárfestingarstefna og því geta sjóðfélagar ekki valið áhættustig fyrir þann hluta sparnaðarins. Markmið stefnunnar er að stuðla að jafnvægi á milli eigna og skuldbindinga auk þess að lágmarka líkur á að skerða réttindi sjóðfélaga. Af þeim sökum, og í ljósi þess að sjóðfélagar geta valið sér áhættustig fyrir séreignina, er stefnan heldur aðhaldssöm í samanburði við aðra lífeyrissjóði sem ráðstafa öllu skylduiðgjaldinu í samtryggingu. Hafa ber í huga að í samtryggingu ávinna sjóðfélagar sér réttindi og það skiptir máli hvernig þau byggjast upp yfir tíma. Í tilfalli Frjálsa þá hefur samanlögð réttindabreyting verðtryggðra réttinda frá 2005 verið 28,4% sem samsvarar 1,6% hækkun á ári (*). Ávöxtun tryggingadeildar síðustu ár er að finna hér.

Fjárfestingarstefna skylduiðgjalds skv. vali sjóðfélaga

Fjárfestingarstefna lífeyrissparnaðar sjóðfélaga ræðst af vali þeirra á skyldusparnaðarleið og fjárfestingarleið. Fyrst þurfa þeir að velja milli Frjálsu og Erfanlegu leiðarinnar og svo fjárfestingarleið fyrir séreignarhluta iðgjaldsins. Rétt er að hafa í huga að fjárfestingarstefna lífeyrissjóðs ræður mestu um hver ávöxtun verður á lífeyrissparnaði sjóðfélaga. Myndin hér að neðan sýnir gögglega hvernig val sjóðfélaga á ráðstöfun skylduiðgjalds leiðir til ólíkra fjárfestingarstefna.

Mismunandi fjárfestingarstefnur skyldulífeyrissparnaðar



■ Innlend skuldabréf
 ■ Innlend hlutabréf
 ■ Erlend hlutabréf
■ Erlend skuldabréf
 ■ Erlendar sérhæfðar fjárfestingar

*Nálgun út frá gögnum um ársfjórðungslega sundurliðun fjárfestinga lífeyrissjóða frá FME - 31.12.2021.

Á myndinni má sjá hvernig er hægt að ná mismunandi fjárfestingarstefnu í samanburði við fjárfestingarstefnu meðallífeyrissjóðs eftir því hvaða skyldusparnaðarleið og fjárfestingarleið er valin. Það má því segja að í Frjálsa lífeyrissjóðnum velji sjóðfélaginn sjálfur áhættustigið við ávöxtun eigna með vali á skyldusparnaðarleið og fjárfestingarleið.

(*) Réttindaaukning greidd út til sjóðfélaga í formi séreignar